
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2007-03
Fundartími:	Þriðjudagur 3. apríl 2007 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun ársins 2006 og fréttatilkynning.
	2) Notkunarflokkar raforku 2006.
	3) Aflþörf raforkukerfisins 2006.
	4) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir
	Ívar Þorsteinsson
	Gunnar Aðalsteinsson
	Agnar Árnason
	Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson
	Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Ásgeir Sigtryggsson
	Pétur E. Þórðarson

- 1) ÍP sagði að fréttatilkynning hefði verið komin á endanlegt form en ekki hafi verið búið að senda hana út. Hann ætlar að kanna stöðu málsins og lætur JV vita þegar hún hefur verið send út svo hægt sé þá að setja hana á heimasíðu orkuspárnefndar.
- 2) IB fór yfir notkunarflokka ársins 2006 en þeir síðustu komu í lok síðustu viku eftir leiðréttingar. Töpin eru eðlileg hjá flestum veitunum nema helst til há hjá Rarik sem gæti stafað af skekkju í notkunarflokkaskjalinu en eftir er að finna eina villu í því. Skjalið verður sent fundarmönnum þegar það verður orðið endanlegt.
- 3) JV sagði að ekki væri lokið úrvinnslu aflagna og yrði yfirferð yfir þá að bíða næsta fundar.
- 4) Farið var yfir breytingar sem gera þarf á raforkuspánni við endurreikning. JV sagði að engin vinna hafi verið lögð í almennu forsendurnar á þessu ári og spurning hvort endurreikna ætti spána með lágmarksuppfærslu á þeim þar sem Orkustofnun hefur ekki

tekið ákvörðun um vinnu við þær á þessu ári. ÍP ætlar að kanna stöð þessa máls. Íris sagði að engir nýir stóriðjusamningar væru komnir en hún ætlar að fara yfir stóriðjunotkunina og senda til JV. Varðandi notkun á Keflavíkurflugvelli var ákveðið að miða við sömu forsendu og í fyrra en huga þarf að því hvort breyta eigi notkunarflokknum. AÁ sagði að Krossanes væri farið endanleg út með ótryggða orku. Rætt var um ýmsa atvinnustarfsemi sem hefur komið fram að undanförunu svo sem tölvubú og vatnsverksmiðjur. Fundarmenn ætla að senda til JV ef þeir muna eftir einhverju sem þarf að taka tillit til.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:40. Næsti fundur ákveðinn 8. maí 2007.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Tafla um raforkunotkun skv. notkunarflokkum 2006.